

Kveðja
– með jólatrésmynd úr Ystafellsskógi frá
8. desember 2007

Jólin nálgast eina ferðina. . . . nú eru þau haldin eilítið norðar á Brekkunni. Fluttum í húsið sem sprakk í loft upp árið 1974 - - sællar minningar. Höfum ekkert orðið vör við yfirprýsting né aðra sprengihættu en samt stíflaðist ofnakerfið eina helgina.



Árið hefur liðið að sumu leyti svipað og öll hin - en að sumu leyti með nýju sniði. Frú Helga seldi til að mynda Löngumýri 4 – að útáliðnum vetri. Þurftum að rýma endanlega í júlí – og lentum á vergangi. Skotið var yfir okkur skjólshúsi hjá Hreinsa Skagfjörð - - og svo skruppum við öll til Spánar í eina viku. Fluttum síðan hér inn - - með hluta af okkar dóti en nýtum annað frá húseigendum. Búsmunir eru að hluta í láni og að hluta í geymslum - - eða bara hér og hvar. Benedikt spyr frú Helgu gjarna; - “Helga mín, - hvar er.....?” - - og þarf ekki að orðlengja það að frú Helga svarar næstum öllu fyrir víst eins og gengið hefur lengstum þessi 36 ár sem samleiðin hefur staðið.

Byggingarlóðin á **Krókeyrarnöf 2** - hefur verið opnuð og verktakar eru farnir að hefjast lítillega handa. Búið er að taka grunn og fylla undir sökklar. Líklega steypdir sökklar fyrir jól – þar sem sífellt er steypuveður. Hannað hefur verið lítið einbýlishús fyrir “sérvitur gamalmenni” – með austurglugga á eldhúsinu fyrir Helgu og pott-pall móti vestri fyrir Benedikt. Hversu þessu mun miða fer síðan eftir “efnahagspróun og ástandi á mörkuðum” og því hvernig verktakar koma framkvæmdunum áleiðis. Stefnt að því að halda næstu jól í nýju húsi – hvernig sem allt veltist.



Sigrún útskrifaðist sem stúdent á árinu - - og er þessa dagana að nema hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri - - segist vera að undirbúa frekara nám með því. Gömlu hjónin dekra hana eitthvað enn um sinn . .

Þorgerður er á sínu róli - - flutt inn í rúmgóða íbúð á 4. hæð í Alfheimunum (vá rosalega erfitt að flytja upp alla stigana). Hún er að flytja sig með MSD-lyfjapakkanum til nýs fyrirtækis og verður þar markaðsstjóri. Svo ætlar hún að klára MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík með vorinu.



Fjölskyldan hefur dregið sig í hlé frá sundi – til árangurs og keppni. Benedikt er að vísu enn í stjórn Sundsambandsins en því lýkur senn. Frú Helga dæmir á einstaka sundmóti - - en Sigrún hefur snúið sér að því að aðstoða fatlaða til sunds með Dýrleifu varapingmanni. Gömlu hjónin fara að vísu í morgunsundið - - helst alla daga.

Hestunum fækkar - - og litasamsetningunni hrakar sé miðað við viðtekna sérvisku. Örlítið riði út - - en minna en planað var þar sem rigningar sóttu að okkur á haustdögum.



Týra eldist – en fer ekkert fram. Kann enga “mannasiði” við matborðið, geltir á hestana og tryllist þegar kettir nágrannanna ulla á hana - - við gluggann eða á götum úti. Verst er samt að hún er að verða búin að éta skerminn við bréfalúguna - - með því hún reynir stöðugt að gleypa póstburðarfólkið - - upp að olnboga. Meira að segja hrökk hún úr kjálkalið núna rétt fyrir jólin við þetta bags - - og hugðist Sigrún leita læknis fyrir hana – sem ekki þurfti því hundurinn trylltist svo rækilega við að fara í bílinn á leið til Elfu dýralæknis - - að hún rykkti sér í liðinn sjálf.

Frú **Helga** vinnur - - og vinnur í Brekkuskóla - - og liggur ekki á liði sínu. Skrítið að hún fær aftur og aftur að fást við “erfiðu málin” – sem ekki leysast af sjálfu sér. Hún lætur ekki eftir sér að verða veik heima - - hvað sem sóttthittinn segir eða bakverkurinn. Enda er kennarakaupið alltaf að rjúka upp og allir í sjöundahimni með árangurinn í skólakerfinu – eins og PISA rannsóknin leiðir svo glöggt í ljós. Hafragrautur og ullarsokkar - - og lýsi með – munu líklegust efni til að tryggja vellíðan og þroska uppvaxandi kynslóða - - jafnt sem fjölskyldumeðlima.

Benedikt í Búseta glímir við “seinkun, sig og skekkjur” - - ef marka má fréttir Vikudags á Akureyri. Í vinnunni er margt að sýsla - - og flest er þar upp á við. Húsnæðis-samvinnufélögin eiga hug hans næstum allan. KEA hefur samt ekki alveg yfirgefið andann - - og Samvinnufélagið í Ystafelli er sprellifandi – við hliðina á minnismarkinu.



Benedikt (fyrrverandi frambjóðandi) fékk örlítinn pólitískan framgang í haust - - þegar Kristján Möller þurfti skyndilega að fá akstur frá Akureyrarflugvelli og til baka aftur. Þetta varð dýrðardagur sem geymist í minni - og hafði Samfylkingin ekki sýnt það betur í annan tíma að flokkurinn kynni að meta framlag þessa sístarfandi félagshyggjumanns. Eins og kunnugir hafa kannski veitt athygli þá hefur Benedikt ekki bloggað lengi um pólitíska fimleika Össurar á ýmsum tímum sólarhringsins. Bendir nú allt til þess að þeir séu á endanum “orðnir bestu vinir” - - eins og Össur tjáði frú Helgu fyrir kosningarnar að allt stefndi í.

Um framvindu fjölskyldunnar má lesa nánar á nokkrum miðlum:

<http://www.bensi.is> og
<http://bensig.blog.is/blog/bensig/>
og <http://blogg.visir.is/bensi>



<http://sigrunben.bloggar.is> er síðan miðill háskólanemans sem er bundinn áhugamálum og uppákomum í hennar lífi.